

Breytingartillaga við 19. gr. skáklaga Skáksambands Íslands

Greinin hljómar nú:

Aðeins þeir sem eru í Keppendaskrá SÍ teljast löglegir með viðkomandi félagi í Íslandsmóti skákfélaga (fyrri - og seinni hluta). Þó eru þeir skákmenn sem eru án skákstiga og án félags undanþegnir því að þurfa að vera í Keppendaskránni.

Tilkynning skákmanns skv. 2.gr. reglugerðar um Keppendaskrá Skáksambandsins skal hafa verið send 20 dögum fyrir upphaf fyrri hluta Íslandsmóts skákfélaga ella getur hann ekki teft fyrir sitt nýja félag í því.

Athugasemdir vegna Keppenda-skrárinnar skulu hafa borist SÍ viku fyrir mót og SÍ að úrskurða í síðasta lagi fimm dögum fyrir upphaf Íslandsmóts skákfélaga.

Eftir fyrri hluta Íslandsmóts skákfélaga er skákmanni með lögheimili á Íslandi heimilt að ganga í taflfélag og tefla fyrir nýja taflfélagið sitt í seinni hlutanum, að því gefnu að hann hafi ekki teft fyrir gamla taflfélagið sitt í fyrri hlutanum. Til að skákmenn teljist löglegir með hinu nýja félagi skulu slíkar breytingar vera tilkynntar 20 dögum fyrir síðari hlutann.

Lagt er til að greinin hljómi svo

Aðeins þeir sem eru í Keppendaskrá SÍ teljast löglegir með viðkomandi félagi í Íslandsmóti skákfélaga (fyrri - og seinni hluta). Þó eru þeir skákmenn sem eru án skákstiga og án félags undanþegnir því að þurfa að vera í Keppendaskránni.

Tilkynning skákmanns skv. 2.gr. reglugerðar um Keppendaskrá Skáksambandsins skal hafa verið send 20 dögum fyrir upphaf fyrri hluta Íslandsmóts skákfélaga ella getur hann ekki teft fyrir sitt nýja félag í því.

Athugasemdir vegna Keppenda-skrárinnar skulu hafa borist SÍ viku fyrir mót og SÍ að úrskurða í síðasta lagi fimm dögum fyrir upphaf Íslandsmóts skákfélaga.

Eftir fyrri hluta Íslandsmóts skákfélaga er skákmönnum skákmanni með lögheimili á Íslandi heimilt að ganga í taflfélag og tefla fyrir nýja taflfélagið sitt í seinni hlutanum, að því gefnu að hann viðkomandi hafi ekki teft fyrir gamla taflfélagið sitt í fyrri hlutanum. Til að skákmenn teljist löglegir með hinu nýja félagi skulu slíkar breytingar vera tilkynntar 20 dögum fyrir síðari hlutann.

Rökstuðningur

Núverandi fyrirkomulag er ósanngjarnt því það heimilar ekki Íslendingum sem búsettir eru erlendis að skipta um félag fyrir síðari hlutann. Lagt er til að félagaskiptaglugginn fyrir síðari hlutann verði alfarið opnaður fyrir þá sem ekki tefldu með í fyrri hlutanum.

Gunnar Björnsson